

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/18

frá 26. apríl 2005

um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir smurefni (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1372)

(2005/360/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.
- 3) Þar eð notkun smurefna getur verið hættuleg umhverfinu, t.d. vegna eiturhrifa þeirra á lífríki í vatni eða uppsöfnunar í lífverum, skal mæla fyrir um viðeigandi, vistfræðilegar viðmiðanir.
- 4) Umhverfisáhrifin má telja óveruleg þegar um er að ræða efni í smurefnum sem breyta efnafraeðilegu eðli sínu svo við notkun að ekki þarf lengur að flokka þau samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslu-fyrirmælum aðildar-ríkjanna um flokkun,

pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽²⁾. Viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki gilda því ekki um efni ef minna en 0,1% þess í meðhöndlaða hlutanum helst á því formi sem það hafði fyrir notkun.

- 5) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda í fjögur ár.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „smurefni“ falla vökvakerfisolía, smurfeiti, keðjusagarolía, tvígengisolía, mótaleysir (concrete release agents) og önnur smurefni sem tapast, ætluð neytendum og fagmönnum.

2. gr.

1. Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „smurefni“: efnablanda úr grunnvökvum og íblöndunar-efnum,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 118, 5.5.2005, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 13.

(¹) Stjtuð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

(²) Stjtuð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2004/66/EB (Stjtuð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35).

- b) „grunnvökvi“: smurvökvi sem engum íblöndunarefnum hefur verið bætt í til að hafa áhrif á flæði, endingu, smur- eða slitþolseiginleika eða eiginleika sem varða mengunarvald í sviflausn,
- c) „þykkingarefni“: efni í grunnvökvanum sem notað er til að þykkja smurvökva eða smurfeiti eða breyta hnigfræðilegum (rheology) eiginleikum þeirra,
- d) „aðalefnisþáttur“: hvert það efni sem er meira en 5% af smurefninu miðað við þyngd,
- e) „íblöndunarefni“: efni sem hefur fyrst og fremst það hlutverk að bæta flæði, endingu, smur- og slitþolseiginleika eða eiginleika sem varða mengunarvalda í sviflausn,
- f) „smurfeiti“: föst eða hálföst efnablanda sem er gerð úr þykkingarefni í fljóttandi smurefni.
2. Smurfeiti má innihalda önnur efni sem gefa henni sérstaka eiginleika.

3. gr.

Smurefni, sem fá umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verða að falla undir vöruflokkinn „smurefni“ og uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

Viðmiðanirnar skulu gilda um nýframleiddar vörur á afhendingartíma.

Þegar viðmiðanir eru settar fram fyrir hvert innihaldsefni skulu þær gilda um öll efni sem hefur verið bætt við af ásetningu og nema meiru en 0,1% af innihaldi vörunnar, mælt bæði áður en og eftir að hvers kyns efnahvarf hefur átt sér stað milli efnanna sem sett voru í smurefnablönduna.

Viðmiðanirnar gilda þó ekki um efni sem breytir efnafræðilegu eðli sínu svo við notkun að ekki er lengur unnt að flokka það samkvæmt tilskipun 1999/45/EB og ef minna en 0,1% þess í meðhöndlaða hlutanum helst á því formi sem það hafði fyrir notkun.

4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „smurefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. maí 2009.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „27“ notað fyrir vöruflokkinn „smurefni“.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. apríl 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI

Markmiðið með viðmiðunum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að stuðla að notkun vara sem:

- hafa við notkun í för með sér minnkaðan skaða fyrir vatn og jarðveg og
- hafa í för með sér minnkaða losun koltvísýrings (CO₂).

Kröfur varðandi mat og sannprófun

Sérstakar kröfur varðandi mat og sannprófun eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef umsækjanda er gert að leggja yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað fyrir þar til bærán aðila til staðfestingar á því að varan uppfylli viðmiðanirnar ríkir sá skilningur að gögn þessi geti annaðhvort verið frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans eða undirbirgjum þeirra eftir því sem við á. Birgi íblöndunarefnisins, umbúða íblöndunarefnisins eða grunnvökvans er heimilt að leggja viðkomandi upplýsingar fyrir þar til bæra stofnun milliliðalaust.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og látið fara fram óháða sannprófun.

Við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanirnar séu uppfylltar er mælt með því að þar til bærir aðilar taki tillit til þess hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða EN ISO 14001, er beitt.

(Ath.: Þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt.)

VIÐMIÐANIR

1. H-setningar sem gefa til kynna hættu fyrir umhverfi og heilbrigði manna

Þegar sótt er um umhverfismerkið skal varan ekki hafa fengið neina H-setningu sem gefur til kynna hættu fyrir umhverfi og heilbrigði manna samkvæmt tilskipun 1999/45/EB. Eftirfarandi H-setningar teljast skipta máli að því er þennan vöruflokk varðar:

H20, H21, H22, H23, H24, H25, H26, H27, H28, H33, H34, H35, H36, H37, H38, H39, H40, H41, H42, H43, H45, H46, H48, H49, H50, H51, H52, H53, H59, H60, H61, H62, H63, H64, H65, H66, H67, H68 og samsetningar þeirra.

Mat og sannprófun á 1. viðmiðun

Leggja skal fram skriflega yfirlýsingu þess efnis að 1. viðmiðun sé uppfyllt og skal hún undirrituð af hálfu fyrirtækisins sem sækir um.

Allir aðalefnisþættir vörunnar skulu vera tilgreindir á ótvíræðan hátt þannig að heiti þeirra séu tilgreind og, ef við á, EINECS- eða ELINCS-númer þeirra og notkunarstyrkleikar.

Framleiðandi vörunnar skal leggja eftirfarandi fyrir þar til bærán aðila:

- öryggisblað fyrir vöruna (sem uppfyllir kröfur tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE ⁽¹⁾),
- öryggisblöð frá birgjum umsækjanda (sem uppfylla kröfur tilskipunar 91/155/EBE og tilskipunar ráðsins 67/548/EBE ⁽²⁾) fyrir hvern aðalefnisþátt.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 76, 22.3.1991, bls. 35.

⁽²⁾ Stjótt. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

Nægileg gögn skulu liggja fyrir til að unnt sé að meta umhverfishættu af völdum vöru (sem er gefin til kynna með H-setningunum: H50, H50/53, H51/53, H52, H52/53, H53) í samræmi við tilskipanir 91/155/EBE og 1999/45/EB.

Mat á umhverfishættu af völdum vöru skal fara fram með hefðbundnu aðferðinni sem er tilgreind í III. viðauka við tilskipun 1999/45/EB. Eins og tilgreint er í C-hluta III. viðauka við tilskipunina er heimilt að nota niðurstöður prófunar á efnablöndunni (annaðhvort efnablöndu vörunnar eða umbúða íblöndunarefnisins) til að breyta flokkun á eiturhrifum á lífríki í vatni sem fengist hefði með því að nota hefðbundnu aðferðina.

2. Viðbótarkröfur vegna eiturhrifa á lífríki í vatni

Umsækjandi skal sýna fram á að varan uppfylli kröfur viðmiðunar 2.1 eða viðmiðunar 2.2.

Viðmiðun 2.1. Kröfur varðandi efnablönduna og aðalefnisþættina

Krafist er gagna um eiturhrif á lífríki í vatni af völdum:

- efnablöndunnar og
- aðalefnisþáttanna.

Markstyrkur eiturhrifa hvers aðalefnisþáttar á lífríki í vatni skal vera a.m.k. 100 mg/l. Prófunin skal fara fram á þörungum og halafólum (OECD 201 og 202).

Markstyrkur eiturhrifa af völdum vökvakerfisolúu á lífríki í vatni skal vera a.m.k. 100 mg/l.

Markstyrkur eiturhrifa af völdum smurfeiti, keðjusagarólú, mótaleysis og annarra smurefna sem tapast á lífríki í vatni skal vera a.m.k. 1000 mg/l.

Smurfeiti má meta með því að leggja fram gögn um efnablönduna og aðalefnisþættina ef lífniðurbrot þykkingarefnisins er algert (sjá viðmiðun 3) eða eðlislægt samkvæmt eftirfarandi:

- lífniðurbrot > 70% í OECD 302 C-prófuninni á eðlislægu lífniðurbroti eða sambærilegum prófunaraðferðum eða
- lífniðurbrot > 20% en < 60% eftir 28 daga í OECD 301-prófununum sem grundvallast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings eða
- lífniðurbrot > 60% í ISO 14593 (CO₂-kollrúmsprófun).

Prófunin á efnablöndunni skal fara fram fyrir alla tegundahópana þrjá (OECD 201, 202 og 203).

Í töflu 1 eru teknar saman kröfur fyrir hvern undirflokk vörunnar samkvæmt viðmiðun 2.1.

Tafla 1

Kröfur varðandi eiturhrif á lífríki í vatni fyrir mismunandi undirflokkum vara — kröfur um gögn varðandi efnablönduna og aðalefnisþætti hennar

Viðmiðun 2.1	Vökvakerfisolú	Smurfeiti (*)	Keðjusagarólú, mótaleysir og aðrir smurvökvar sem tapast	Tvígengisolú
Eiturhrif fullsamsettrar vöru á lífríki í vatni í öllum þremur prófununum á bráðum eiturhrifum, OECD 201, 202 og 203	≥ 100 mg/l	≥ 1 000 mg/l	≥ 1 000 mg/l	≥ 1 000 mg/l
Eiturhrif hvers aðalefnisþáttar á lífríki í vatni samkvæmt OECD 201 og 202	≥ 100 mg/l	≥ 100 mg/l	≥ 100 mg/l	≥ 100 mg/l

(*) Smurfeiti má meta með því aðeins meta á þennan hátt að þykkingarefnið reynist > 70% lífniðurbrotanlegt í OECD 302 C eða sambærilegum prófunaraðferðum eða > 20% lífniðurbrotanlegt en < 60% eftir 28 daga í OECD-prófununum sem grundvallast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings.

Mat og sannprófun á viðmiðun 2.1

Leggja skal skýrslur fyrir þar til bærán aðila ásamt gögnum um eiturhrif efnablöndunnar og allra aðalefnisþátta hennar á lífríki í vatni, annaðhvort með því að styðjast við fyrirliggjandi efni úr skráningarskjölum eða nýjum prófunum sem sýna fram á að kröfurnar í töflu 1 séu uppfylltar.

Eiturhrif efnablöndunnar á lífríki í vatni skulu ákvörðuð samkvæmt OECD 201, 202 og 203 eða sambærilegum aðferðum.

Eiturhrif hvers aðalefnisþátta á lífríki í vatni skulu ákvörðuð samkvæmt OECD 201 og 202 eða sambærilegum aðferðum.

Viðmiðun 2.2. Kröfur fyrir hvern efnisþátt

Leggja skal fram gögn um eiturhrif af völdum hvers efnisþátta, sem bætt er í vöruna af ásetningi, á lífríki í vatni. Heimilt er að nota eitt eða fleiri efni, sem sýna tiltekin merki um eiturhrif á lífríki í vatni, í smurefninu í uppsöfnuðum massastyrk eins og tilgreint er í töflu 2.

Tafla 2

Kröfur varðandi eiturhrif á lífríki í vatni fyrir mismunandi undirflokkva vöru — kröfur um gögn varðandi hvern efnisþátt

Viðmiðun 2.2	Uppsafnaður massastyrkur efna í:			
	vökvakerfisvökvum	smurfeiti	keðjusagarolíu, mótaleysi og öðrum smurvökvum sem tapast	tvígengisolíu
<i>10 mg/l < bráð eiturhrif (*) ≤ 100 mg/l eða 1 mg/l < NOEC ≤ 10 mg/l</i>	≤ 20	≤ 25	≤ 5	≤ 25
<i>1 mg/l < bráð eiturhrif (*) ≤ 10 mg/l eða 0,1 mg/l < NOEC ≤ 1 mg/l</i>	≤ 5	≤ 1	≤ 0,5	≤ 1
<i>Bráð eiturhrif (*) < 1 mg/l eða NOEC ≤ 0,1 mg/l</i>	≤ 1	≤ 0,1	≤ 0,1	≤ 0,1

(*) EC₅₀/LC₅₀/IC₅₀.

Mat og sannprófun á viðmiðun 2.2

Leggja skal skýrslu fyrir þar til bærán aðila sem inniheldur gögn um eiturhrif hvers efnisþátta á lífríki í vatni sem grundvallast annaðhvort á fyrirliggjandi efni úr skráningarskjölum eða nýjum prófunum sem sýna fram á að kröfurnar í töflu 2 séu uppfylltar.

Eiturhrif af völdum hvers efnisþátta á lífríki í vatni skulu ákvörðuð samkvæmt OECD 201 og 202 eða sambærilegum aðferðum.

Mat og sannprófun á viðmiðun 2.1. og 2.2

Þegar um lítilla leysanlega efnisþætti er að ræða (< 10 mg/l) má nota vatnslagðan þátt (water accommodated fraction, WAF) við ákvörðun eiturhrifa á lífríki í vatni. Nota má fastsetta álagsmarkið, sem stundum er nefnt LL₅₀ og tengt er banvænu álagi, beint í flokkunarviðmiðununum. Framleiðsla vatnslagðs þátta (WAF) skal vera í samræmi við tilmæli sem sett eru fram í einni af eftirfarandi viðmiðunarreglum: tækniskýrslu ECETOC nr. 20 (1986), III. viðauka við OECD 1992 301 eða ISO-leiðbeiningaskjali ISO 10634 eða ASTM D6081-98 (Standard practice for Aquatic Toxicity Testing for Lubricants: Sample Preparation and Results Interpretation or equivalent methods).

Ekki þarf að rannsaka bráð eiturhrif á lífríki í vatni að því er varðar þörungum og halafær (OECD 201 og 202) ef:

- ólíklegt er að efnið fari gegnum líffræðilegar himnur (þ.e. ef mólmassinn er > 800 eða þvermál sameindanna > 1,5 nm (> 15 Å)),
- eða efnið leysist mjög illa í vatni (vatnsleysni < 10 µg/l),

þar eð slík efni eru ekki talin eitruð þörungum og halafólum í vatnavistkerfum.

Ekki þarf heldur að rannsaka bráð eiturhrif á halafær (OECD 202) ef fyrir liggja niðurstöður langtímarannsókna á halafólum samkvæmt OECD 211 eða sambærilegri aðferð.

Vatnsleysni efna skal ákvörðuð eftir því sem við á samkvæmt OECD 105 (eða sambærilegum prófunum).

Ef gögn um langvinn eiturhrif liggja fyrir (niðurstöður OECD 210 og 211-prófana eða sambærilegra aðferða) má nota þau í stað gagna um bráð eiturhrif á lífríki í vatni. Finnist ekki gögn um langvinn eiturhrif skal það tilgreint skriflega og undirritað af umsækjanda.

3. Lífbrjótanleiki og uppsöfnun í lífverum

Varan skal ekki innihalda efni sem eru í senn:

— ólífbrjótanleg

og

— þannig að þau safnist (hugsanlega) upp í lífverum.

Hins vegar má varan innihalda eitt eða fleiri efni sem eru niðurbjótanleg að vissu marki og safnast hugsanlega eða raunverulega upp í lífverum, að uppsöfnuðum massastyrk sem tilgreindur er í töflu 3.

Tafla 3

Kröfur varðandi lífbrjótanleika og uppsöfnun í lífverum

Lífniðurbrot	Uppsafnaður massastyrkur efna í:			
	vökvakerfisvökvum	smurfeiti	keðjusagarolíu, mótaleysi og öðrum smurvökvum sem tapast	tvígensólíu
<i>Ólífbrjótanleg (*)</i>	≤ 5	≤ 10	≤ 5	≤ 10
<i>Lífbrjótanleg í eðli sínu við loftháðar aðstæður</i>	≤ 5	≤ 20	≤ 5	≤ 20
<i>Fullkomlega lífbrjótanleg við loftháðar aðstæður</i>	≥ 90	≥ 75	≥ 90	≥ 75

(*) Ath.: efni, sem í senn eru ólífbrjótanleg og safnast upp í lífverum, eru ekki leyfð.

Mat og sannprófun á 3. viðmiðun

Sýna skal fram á þessi viðmiðun hafi verið uppfyllt með því að leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

- skýrslur sem innihalda gögn um lífbrjótanleika hvers efnisþáttar, komi hann ekki fram með fullnægjandi hætti á öryggisblaði með hverju efni,
- skýrslur sem innihalda gögn um uppsöfnun hvers efnisþáttar í lífverum:
 - þegar um er að ræða ólífbrjótanleg efni og
 - þegar um er að ræða eitruð og mjög eitruð efni sem eru auðlífbrjótanleg (að því er varðar flokkun).

Lífbrjótanleiki hvers efnisþáttar í vörinni skal ákvarðaður sérstaklega með prófunaraðferðum sem tilgreindar eru hér á eftir (eða sambærilegum prófunum).

Efni telst **fullkomlega lífbrjótanlegt** (við loftháðar aðstæður) ef:

1. eftirfarandi lífniðurbroti er náð í 28 daga rannsókn á lífbrjótanleika samkvæmt OECD 301 A–F eða sambærilegum prófunum:
 - í OECD 301-prófunum þar sem notað er uppleyst, lífrænt kolefni: ≥ 70%,
 - í OECD 301-prófunum sem byggjast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings: ≥ 60% af fræðilegu hámarki,

2. hlutfallið milli lífrænnar og fræðilegrar súrefnisþarfar ($BOD_5/ThOD$) eða lífrænnar og efnafræðilegrar súrefnisþarfar (BOD_5/COD) er stærra en 0,5.

Í OECD-prófuninni gildir meginreglan um 10 daga mörkin ekki endilega. Ef efni nær viðmiðunarmörkum um lífrænt niðurbrot innan 28 daga en ekki innan 10 daga frestsins er gert ráð fyrir að niðurbrotið sé hægara.

Efni telst lífbrjótanlegt í eðli sínu ef:

- lífniðurbrot þess er > 70% í OECD 302 C-prófuninni fyrir eðlislægt lífniðurbrot eða með sambærilegri prófunaraðferð eða
- lífniðurbrot þess er > 20% en < 60% eftir 28 daga í OECD 301-prófununum sem byggjast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings eða
- lífniðurbrot þess er \geq 60% í ISO 14593 (CO_2 -kollrúmsprófun).

Ef um er að ræða efni sem fyrst og fremst er ætlað til þykkingar skal telja það lífbrjótanlegt í eðli sínu við loftháðar aðstæður ef lífniðurbrot þess er meira en 20% samkvæmt OECD 302 C-prófuninni á eðlislægu lífniðurbroti eða sambærilegum prófunaraðferðum. Allar kröfur varðandi eiturhrif á lífríki í vatni skulu þá einnig gilda um niðurbrotsefni eftir að þau hafa komist í snertingu við lífríki í vatni, enda liggja þá fyrir vísindaleg staðfesting á því að þau séu afleiður þykkingarefnisins.

Efni er ólífbrjótanlegt ef það uppfyllir ekki viðmiðanirnar um fullkominn og eðlislægan lífbrjótanleika.

Efni safnast ekki upp í lífverum ef mólmassi þess er > 800 eða ef þvermál sameinda þess er > 1,5 nm (> 15 Å).

Ef mólmassi efnis er < 800 eða þvermál sameinda þess er < 1,5 nm (< 15 Å) safnast efnið ekki fyrir í lífverum ef:

- deilistuðullinn fyrir oktanól-vatn ($\log K_{ow}$) er < 3 eða > 7 eða
- mældur lífþéttistuðull (BCF) er \leq 100. Flest efni, sem notuð eru í smurefni, eru vatnsfælin og skal gildi lífþéttistuðulsins því byggjast á fituinnihaldi auk þess sem tryggja verður að váhrifatími sé nægur.

Prófunaraðferðir

Prófanirnar, sem nota skal til að ákvarða auðlífbrjótanleika, eru OECD 301 A-F, eða sambærilegar ISO- og ASTM-prófanir eða prófanir þar sem gengið er út frá hlutfalli $BOD_5/(ThOD$ eða $COD)$. Aðeins má styðjast við $BOD_5/(ThOD$ eða $COD)$ -hlutfallið ef engin gögn, sem byggjast á OECD 301 eða öðrum sambærilegum prófunaraðferðum, eru tiltæk. BOD_5 skal metið samkvæmt C.5 (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/69/EBE ⁽¹⁾) eða sambærilegum aðferðum og COD samkvæmt C.6 (tilskipun 92/69/EBE) eða sambærilegum aðferðum. Til að ákvarða eðlislægan lífbrjótanleika skal nota OECD 302 C eða sambærilegar prófunaraðferðir.

Umsækjanda er einnig heimilt að nota gögn um samanburð efna með svipaða byggingu til að meta lífbrjótanleika efnis. Gögn um samanburð efna með svipaða byggingu til að meta lífbrjótanleika efnis skulu teljast viðunandi ef aðeins einn virkur hópur eða efnishlutar skilja að viðmiðunarefnið og efnið sem notað er í vörunni. Ef viðmiðunarefnið er auðlífbrjótanlegt eða lífbrjótanlegt í eðli sínu og virki hópurinn hefur jákvæð áhrif á lífniðurbrot við loftháðar aðstæður má einnig telja efnið, sem notað er, auðlífbrjótanlegt eða lífbrjótanlegt í eðli sínu. Virkir hópar eða efnishlutar sem hafa jákvæð áhrif á lífrænt niðurbrot eru: alifatískir og arómatískir alkóhólhópar [-OH], alifatískir og arómatískir sýruhópar [-C(=O)-OH], aldehýðhópar [-CHO], esterhópar [-C(=O)-O-C] og amíðhópar [-C(=O)-N eða -C(=S)-N]. Lögð skulu fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn um rannsóknina á viðmiðunarefninu. Ef samanburðurinn er við efnishluta, sem ekki er talinn upp hér að framan, skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn um jákvæð áhrif virka hópsins á lífrænt niðurbrot efna sem hafa svipaða byggingu.

Deilistuðull oktanóls-vatns ($\log K_{ow}$) skal metinn samkvæmt OECD 107, OECD 117, eða drögum að OECD 123 eða annari sambærilegri prófunaraðferð. Lífþéttistuðullinn skal metinn samkvæmt OECD 305.

Gildi fyrir $\log K_{ow}$ eiga einungis við um lífræn íðefni. Mæla skal lífþéttistuðul til að meta uppsöfnun ólífrænna sambanda, nokkurra yfirborðsvirkra efna og nokkurra málm lífrænna sambanda í lífverum.

⁽¹⁾ Stj.útd. EB L 383, 29.12.1992, bls. 113.

Sé ekki hægt að gera rannsóknina (t.d. vegna þess að efnið hefur mikla yfirborðsvirkni eða leysist hvorki upp í vatni né oktanóli) skal tilgreina reiknað gildi fyrir $\log K_{ow}$, svo og nákvæmar upplýsingar um reikniaðferðina.

Eftirfarandi reikniaðferðir eru leyfðar fyrir $\log K_{ow}$: CLOGP fyrir $\log K_{ow}$ á milli 0 og 9, LLOGKOW (KOWWIN) fyrir $\log K_{ow}$ á milli - 4 og 8, AUTOLOGP fyrir $\log K_{ow}$ hærrí en 5 eins og mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 ⁽¹⁾, sem studd er skjali með tæknileiðbeiningum.

4. Útilokun tiltekinna efna

Efnum, sem eru á skrá Bandalagsins yfir forgangsefni með tilliti til stefnu þess í vatnsmálum og á OSPAR-skránni yfir iðefni sem útheimta forgangsráðstafanir, skal ekki af ásetningi bætt við sem innihaldsefnum í vörur sem uppfylla skilyrði um umhverfismerki Bandalagsins, en átt er við skrárnar eins og þær voru í desember 2004.

Lífrænum halógensamböndum og nítrítsamböndum skal ekki af ásetningi bætt sem innihaldsefnum í vörur sem uppfylla skilyrði um umhverfismerki Bandalagsins.

Málum eða málsamböndum skal ekki af ásetningi bætt sem innihaldsefnum í vörur sem uppfylla skilyrði um umhverfismerki Bandalagsins, að frátölu natríumi, kalíumi, magnesíumi og kalsíumi. Þegar um þykkingarefni er að ræða er einnig heimilt að nota lítum- og/eða álsambönd að styrkleika sem takmarkast af öðrum viðmiðunum í þessum viðauka.

Mat og sannprófun á 4. viðmiðun

Umsækjandi skal undirrita skriflega yfirlýsingu þess efnis að þessar kröfur séu uppfylltar.

5. Endurnýjanleg hráefni

Samsætta varan skal innihalda kolefni úr endurnýjanlegum hráefnum og skal innihaldið vera:

- $\geq 50\%$ (miðað við massa) í vökvakerfisolú,
- $\geq 45\%$ (miðað við massa) í smurfeiti,
- $\geq 70\%$ (miðað við massa) í keðjusagarolíu, mótaleysi og öðrum smurefnum sem tapast,
- $\geq 50\%$ (miðað við massa) í tvígengisolú.

Kolefnisinnihald úr endurnýjanlegum hráefnum er massahundraðstala efnisþáttar A \times [fjöldi C-atóma í efnisþætti A, sem eru fengin úr (jurta)olíu eða (dýra)fitu deilt með heildarfjölda C-atóma í efnisþætti A] að viðbættum massahundraðshluta efnisþáttar B \times [fjöldi C-atóma í efnisþætti B, sem eru úr (jurta)olíu eða (dýra)fitu deilt með heildarfjölda C-atóma í efnisþætti B] að viðbættum massahundraðshluta efnisþáttar C \times [fjöldi C-atóma í efnisþætti C] o.s.frv.

Mat og sannprófun á 5. viðmiðun

Umsækjandi skal afhenda þar til bærur aðila í té yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun hafi verið uppfyllt.

6. Tæknilegar kröfur

Vökvakerfisolúvar skulu a.m.k. uppfylla þær tæknilegu kröfur sem mælt er fyrir um í ISO 15380, töflum 2 til 5.

Smurfeiti skal „henta til fyrirhugaðrar notkunar“.

Keðjusagarolía skal a.m.k. uppfylla þær tæknilegu kröfur sem mælt er fyrir um í Bláa englinum, RAL UZ 48.

Mótaleysir og aðrir smurvökvar, sem tapast, skulu henta til fyrirhugaðrar notkunar.

Tvígengisolía skal a.m.k. uppfylla þær tæknilegu kröfur sem mælt er fyrir um í NMMA TC-W3, „NMMA Certification for two-stroke cycle gasoline engine lubricants“.

⁽¹⁾ Stjútö. EBL 161, 29.6.1994, bls. 3.

Mat og sannprófun á 6. viðmiðun

Umsækjandi skal afhenda þar til bærum aðila yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun hafi verið uppfyllt, auk tilheyrandi gagna.

7. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu: „minnkaður skaði fyrir vatn og jarðveg við notkun, minnkuð losun CO₂“.

Mat og sannprófun á 7. viðmiðun

Umsækjandinn skal leggja fyrir þar til bæran aðila sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun hafi verið uppfyllt.
